

Fundargerð stjórnar Listasafns Árneseinga.

Fundur stjórnar Listasafns Árneseinga, haldinn 27. febrúar 2018 kl.15:00 í Listasafni Árneseinga.

Mættir eru Aldís Hafsteinsdóttir, Inga Jónsdóttir safnstjóri og Brynhildur Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Unnsteinn Eggertsson í símasambandi

Fundarefni:

1. Samkomulag um uppgjör vegna lífeyrisgreiðslna í Brú lífeyrissjóð.

Samkomulagið lýtur að uppgjöri á hlutdeild Listasafns Árneseinga í fjármögnun á framlagi í jafnvæggissjóð (1.709.662,-), lífeyrisaukasjóð (2.415.959,-) og í varúðarsjóð (259.916,-).

Bókun vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð.

Stjórn Listasafns Árneseinga samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 4.300.000 mkr., til allt að 16 ára. Er lánið tekið til að fjármagna uppgjör við Brú lífeyrissjóð vegna breytinga á A-deild sjóðsins. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ingu Jónsdóttur kt. 311253-3609, forstöðumanni Listasafns Árneseinga, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Listasafns Árneseinga að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð eftirfarandi 8 sveitarfélaga: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus, sbr. heimild í 2.mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja sveitarfélögin til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68.gr. sömu laga.

2. Starfsmannamál

Auglýst var eftir fræðslufulltrúa í 100% starf 25 umsækendur sóttu um starfið og voru 6 umsækendur valdir í viðtal, 2 umsækjendur voru valdir í framhalds viðtala og voru þær báðar ráðnar í 50% starf hvor. Kristín Þóra Guðbjartsdóttir og Hrönn Traustadóttir.

3. Verklagsamningar vegna þóknunar til listamanna.


Kynnt voru drög af verklagsreglum vegna greiðslna til myndlistarmanna fyrir þátttöku í sýningum og vinnu við eigin sýningar innan safnins. Reglurnar ræddar. Stjórn felur Ingu að kanna betur ákveðin atriði sem rædd voru á fundinum. Verklagsreglurnar





verða teknar fyrir til afgreiðslu á næsta stjórnarfundum sem er fyrirhugaður í lok mars 2018.


4. Tvær nýjar sýningar verða opnaðar 10.mars. *Undirstaða og uppspretta – sýn á safneign* er heiti annarar sýningarinnar og þar verða til sýnis verk úr safneign safnsins. Mest fer fyrir nýjustu gjöfnni sem eru 30 listaverk eftir Valtý Pétursson (1919-1988) sem safnið fékk á vordögum 2017 en einnig verða þar verk eftir Einar Jónsson (1874-1954), Ásgrím Jónsson (1876-1958), Jóhann Briem (1907-1991) og fleiri. Hin sýningin er innsetning eftir Borghildi Óskarsdóttur og hefur hún fengið heitið *Þjórsá*.
5. Fyrirhugað er að útbúa skrifstofu aðstöðu fyrir starfsmenn innst í sal 4 og þar framavið verður fjölnota rými þar sem hægt er að setja upp litlar sýningar og/eða nýta undir listasmiðjur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:10 næsti fundur fyrirhugaður í lok mars.


Aldís Hafsteinsdóttir


Unnsteinn Eggertsson


Brynhildur Jónsdóttir


Inga Jónsdóttir